



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Rauðaborg

2026– 2027



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



## Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 .....	6
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 .....	8
4. Innra mat deilda .....	11
4.1 Lauf.....	11
4.2 Lyng.....	12
4.3 Hreiður .....	13
5. Umbótaáætlun leikskólans skólaárið 2026 – 2027 .....	14
5.1 Lauf.....	14
5.2 Lyng.....	16
5.3 Hreiður .....	17
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla út frá umbótaþáttum leikskólans .....	19
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
8. Foreldrasamstarf.....	21
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	22
10. Fylgiskjöl.....	23
10.1 Umsögn foreldraráðs .....	23
10.2 Skóladagatal.....	27
10.3 Önnur fylgiskjöl .....	28





## 1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2025 voru aðlöguð rúmlega 20 börn inn í Rauðaborg á allar deildir og gekk aðlögunin að mestu leyti vel. Aðlögun stóð yfir frá því um miðjan ágúst og fram í miðjan október.

Þrír nýir starfsmenn tóku til starfa í ágúst og fram í október. Nýr deildarstjóri tók við yngstu deildinni (Hreiður) og hóf hún störf 1. október 2025. Það hafði ekki verið starfandi deildarstjóri á deildinni síðan fyrrverandi deildarstjóri fór í veikindaleyfi um mitt ár 2024, en sérkennslustjóri og staðgengill deildarstjóra höfðu séð um að daglegt starf á deildinni gengi upp. Með tilkomu nýs deildarstjóra komst starfið á deildinni í fastari skorður en verið hafði um tíma og ljóst að það var mikill fengur að fá hana til okkar í Rauðaborg. Aðrir starfsmenn sem hófu störf hjá okkur voru almennir starfsmenn á öðrum deildum. Tveir starfsmenn sneru til baka að loknu fæðingarorlofi á bilinu nóvember 2025 – janúar 2026 og einn starfsmaður fór í fæðingarorlof í nóvember 2025.

Við þurftum að skerða vistunartíma barnanna nokkrum sinnum í vetur, en ekki samfelld eða til langs tíma. Oftast var það vegna skammtímaveikinda starfsfólks og þá yfirleitt hálfur dagur í hvert sinn hjá nokkrum börnum í einu.

Þann 10. nóvember 2025 lét deildarstjóri á miðdeildinni (Lyng) af störfum og við hennar stöðu tók starfsmaður af deildinni, sem hefur talsverða reynslu af leikskólastarfi. Það er skemmst frá því að segja að nýju deildastjórarnir okkar hafa rifið upp starfið á deildunum sínum, fengið starfsfólkið með í gott skipulag og hafa virkilega góð og jákvæð áhrif inn í stjórnendateymið sem og í allan starfsmannahópinn.

Skólaárið 2025 - 2026 náðum við að hafa tvo hreina árganga á elstu deildinni (Lauf), þ.e. börn fædd 2020 og 2021. Það gengur betur að hafa ekki fleiri árganga saman þar sem áhugasvið og verkefni skarast mikið milli þessara tveggja árganga. Á miðdeildinni voru börn fædd 2022 og 2023 og var það ansi krefjandi hópur sem þurfti að vinna sérstaklega með út frá hegðun og samskiptum. Á yngstu deildinni voru börn fædd 2023 og 2024. Þau voru öll ný á deildinni í haust og hafa tekið miklum framförum í þroska í vetur.

Engin börn voru með stuðningstíma í vetur en börn af erlendum uppruna og nokkrir vaskir drengir fengu skipulagða tíma með sérkennslustjóra daglega. Sérkennslustjórinn sinnir verkefnum barna af erlendum uppruna sérlega vel og er í talsverðum og góðum samskiptum við





Brúarsmiði MML. Nokkur börn eru í nú ferli vegna aðkomu sérfræðinga í Austurmiðstöð og gerum við ráð fyrir að einhverjum stuðningstímum verði úthlutað vegna þeirra.

Vinnan með mannauðsráðgjafa SFS frá því vorið 2025 hélt áfram og kom ráðgjafinn til okkar með fyrirlestur og hópavinnu á skipulagsdegi haustið 2025. Þar var talað um vinnustaðamenningu, samskipti og samstarf.

Nýtt vinnufyrirkomulag miðað við 36 stunda vinnuviku var tekið í notkun haustið 2025 þar sem allt starfsfólk vann einn stuttan dag í viku, í stað þess að vinna heilan dag annan hvern föstudag og í nóvember glæddist vonin um að starfsumhverfið okkar yrði loksins betra með tilkomu „Reykjavíkurléiðarinnar“ sem átti að taka gildi 1. janúar 2026. Reykjavíkurborg setti á fót vinnuhóp en vinnan við útfærslu á þessari nýju leið dróst á langinn og tók ekki gildi fyrr en 1. apríl 2026. Í tilefni af nýju leikskólaleiðinni, ákváðum við í Rauðaborg að taka samtal við hvern og einn starfsmann um 36 eða 38 stunda vinnuviku. Þau samtöl skiluðu því að gátum gert nokkuð góðan ramma og enn eitt nýtt vinnuskipulagið. Það skipulag tekur gildi strax að loknu sumarleyfi og verður endurskoðað þegar og ef þarf.

Stjórnendateymið í Rauðaborg tók þátt í leikskólaverkefninu veturinn 2025 - 2026. Það skilaði okkur afskaplega mikilli fræðslu, umræðum og vangaveltum. Deildastjórnarnir voru sérstaklega ánægðir með fræðsluna og fannst gott að fá tækifæri til að hitta aðra deildastjóra, spegla sig og spjalla við kollega. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri voru einnig himinlifandi með verkefnið og hverju það á eftir að skila til lengri tíma.

Starfsþróunarsamtöl voru tekin við alla starfsmenn í apríl 2026 og þar var m.a. rætt um samstarf, samskipti og líðan í starfsmannahópnum og á deildum. Allir starfsmenn voru ánægðir með starfsandann og við finnum mun á starfsmannahópnum og starfsandanum til hins betra eftir smávegis tilfærslu á starfsfólki á milli deilda.

Við ákváðum að endurnýja alla stóla fyrir börnin á vorönninni og fengum tilboð frá tveimur aðilum til stólakaupa. Áður en til þess kom að taka ákvörðun, fengum við að kíkja í geymsluna góðu og kom í ljós að þar voru lítið notaðir stólar í fullkomnu standi, sem við gátum fengið án endurgjalds og nú eru allir stólar fyrir börnin í Rauðaborg í lagi og óslitnir, en þeir gömlu voru margir orðnir slitnir og illa farnir eftir 20 ára notkun.

Það eru ekki miklar starfsmannabreytingar fyrirhugaðar, en reyndur deildarstjóri er að hætta eftir 34 ára starf í Rauðaborg. Ekki er enn búið að ráða deildarstjóra í hennar stað og auglýsingar





hafa hingað til ekki skilað viðunandi umsóknum. Við vonum þó að það sæki hæfur aðili um starfið og sá aðili tæki þá við stöðunni 1. ágúst. Að öðru leyti er starfsmannastaðan nokkuð góð hjá okkur, það er ekki margt fagfólk í vinnu hjá okkur, en talsvert margt starfsfólk með mikla reynslu af leikskólastarfi og yfirleitt ganga dagarnir vel fyrir sig.

Það er gaman og gott að fylgjast með börnunum þroskast og dafna í leik og starfi og samstarfið við foreldra er gott og jákvætt. Börnin í Rauðaborg eru fróðleiksfús, hugmyndarík og dugleg, hafa gaman af að segja frá og okkur er umhugað að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni.

Á næsta starfsári ætlum við að leggja áherslu á að gera útiverunni hátt undir höfði. Við viljum auka þátttöku starfsfólks í útiveru barnanna og gera starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi þess að sinna börnum í leik í útiveru, ekki síður en í leik innanhúss. Einnig viljum við vinna að því að börnin verði meira í smáum hópum, æfi þannig úthald í leik og vonandi eykst félagaval innan deildanna með þeirri vinnu.





## 2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat leikskólans var unnið með hliðsjón af þeim þáttum sem matsteymi Rauðaborgar ákvað að leggja mat á veturinn 2025 – 2026. Það var gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Áhersla var lögð á að meta læsi, samskipti starfsfólks og vinnufyrirkomulag innan leikskólans. Með matinu var leitast við að fá skýra mynd af styrkleikum í starfinu sem og þeim þáttum sem mætti bæta, með það að markmiði að efla faglegt starf og stuðla að áframhaldandi þróun leikskólans.

### Innra mat

Hvað var metið?	Læsi í víðum skilningi hjá börnunum
Hvernig fór matið fram?	Á deildastjórafundum og deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Nýting á leikrými í húsinu var almennt góð, starfsfólk skipti sér á svæði, en þó voru stundum of mörg börn í hverju rými, sérstaklega þegar starfsfólk vantaði í vinnu. Tækifæri voru nýtt til að ræða um tengsl, vináttu og framkomu við börnin og starfsfólkið var meðvitaðra um að grípa tækifæri til að leysa og koma í veg fyrir ágreining, sérstaklega þegar leið á skólaárið.

Hvað var metið?	Bæta samskipti og samvinnu starfsfólks svo starfsánægja aukist
Hvernig fór matið fram?	Á deildafundum, deildastjórafundum og skipulagsdegi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vinna með mannauðrágjafa frá SFS frá vori 2025 til hausts 2025. Nokkrir starfsmenn þáðu einstaklingsviðtöl og svo var fyrirlestur um samskipti og samvinnu fyrir allt starfsfólk leikskólans. Út frá samtölum við starfsfólkið var ákveðið að færa til starfsfólk innan húss og starfsandinn varð betri og jákvæðari. Starfsandinn frá áramótum hefur verið góður og greinilegt að vinnan skilaði árangri.





Hvað var matið?	Aðlaga 36 stunda vinnuviku að starfi leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundum og í samtölum við starfsfólk.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Stytting vinnuvikunnar varð jafnari, ýmist var starfsfólk að vinna einn stuttan dag (4 klst.) eða 7,2 klst. alla daga. Þetta gaf talsvert jafnari starfsmannfjölda í húsi alla daga og ekki þurfti að grípa til faliðunar mjög oft, þótt komið hafi til þess af og til.

### Ytra mat

Hvað var matið?	Sumarlokun 2026
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun – sjá „önnur fylgiskjöl“
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar/forráðamenn og starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Alls tóku 48 þátt í könnunni. 43% valdi að sumarlokun yrði 8.júlí – 5. ágúst 35% valdi að sumarlokun yrði 13.júlí – 10.ágúst 22% svöruðu alveg sama hvort tímabilið yrði valið Ákveðið var út frá svörum að sumarlokun verður frá og með 8.júlí og til og með 5.ágúst 2026.

Hvað var matið?	Stofnun ársins 2025
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á allt starfsfólk leikskólans
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Góð þátttaka starfsfólks leikskólans var í könnuninni, en þurfti talsvert að ýta á eftir svo fólk svaraði. Það sem skoraði hæst var þáttur stjórnunar og traust til næstu yfirmanna. Það sem skoraði lægst snerist um launakjör, hljóðvist og starfsanda. Tækifæri gáfust til að bæta starfsandann með aðkomu mannauðsráðgjafa og einnig eftir kynningu og umræður um niðurstöðurnar.





### 3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Hér fyrir neðan er umbótaáætlun leikskólans fyrir veturinn 2026 - 2027

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Snerpuviðtöl
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að allir deildastjórar taki snerpuviðtöl við sitt starfsfólk einu sinni á hvorri önn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildastjórar taka samtalið við hvern og einn um líðan og hlutverk sitt í starfi. Ákveða dagsetningar fyrir fram svo hægt sé að undirbúa samtölin.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildastjórafundum og í starfsþróunarsamtölum sem leikskólastjóri tekur við alla starfsmenn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að viðtölin fari fram og skili þeim árangri að allir starfsmenn verði öruggari og meðvitaðri í starfi.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útivera
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Útiveran verði gæðastund og náttúran nýtt meira. Börnin upplifi sig örugg. Hlutverk starfsfólks í útiveru verði enn skýrara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útiveran sé jákvætt leikumhverfi og passa öll svæðin á leikskólalóðinni. Virkja starfsfólkið og það viti hvaða hlutverki þau gegna í útiveru. Starfsfólkið grípi fyrir inn í ef kemur upp ágreiningur.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> <b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildafundum. Á skipulagsdögum. Í samtölum við börnin.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að útivera í garðinum, svo og gönguferðir og annað, verði eftirsóknarvert fyrir bæði börn og starfsfólk. Að fjölbreytni á leikjavali aukist og að starfsfólk sé alltaf nálægt börnunum hverju sinni. Einnig að ekki séu of margir í útiveru á sama tíma og að börn og starfsfólk dreifist vel um garðinn.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leikhópar
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Að börnin verði örugg í smáum hópum, félagaval aukist og einnig úthald í leik.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Að börnunum verði skipt í smáa hópa u.þ.b. tvisvar sinnum í viku í 30-40 mínútur í senn.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið</b> <b>(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum. Á skipulagsdögum. Í samtölum við börnin.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að nánari tengsl hafi orðið milli barna þvert á aldur og virðing sé borin fyrir bæði öðrum börnum, starfsfólki og efnivið. Að börnin leiki sér án mikilla truflana og þannig skapist ró í hverjum hóp á því svæði sem þau eru að leika á.

Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfsmannasáttmáli
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Uppfæra starfsmannasáttmála.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Ræða um og endurbæta sáttmálann.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst og lýkur haustið 2026.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á skipulagsdegi haustið 2026. Umræður og hópavinna þvert á deildir.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Hafa starfsmannasáttmálann sýnilegan og að allt starfsfólk tileinki sér það sem í honum stendur.

<b>Mannauður/leikskólabragur</b>	
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur</b>	<b>Starfsmannahandbók</b>
<b>Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?</b>	Að starfsmannahandbókin verði aðgengileg
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Endurbæta handbókina með því að uppfæra eldri upplýsingar og bæta við nýjum.
<b>Ábyrgð</b>	Stjórnendur
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildafundum, deildastjórafundum og skipulagsdögum með umræðum og vinnu í litlum hópum.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að allt starfsfólk þekki handbókina og viti hvaða upplýsingar er hægt að nálgast í henni.





## 4. Innra mat deilda

### 4.1 Lauf

#### Styrkleikar

Flest börnin sýna hvert öðru kurteisi og tillitssemi. Þau eru hugmyndarík og leika fallega saman. Mikilvægt er að tryggja börnum frið og rými ef þau eiga ekki skap saman.

Verkefnið „Blær heim“ gekk mjög vel og fór Blær heim með einu barni á deildinni á fimmtudegi og kom svo á mánudegi og þá var lesið hvað Blær gerði með viðkomandi barni um helgina. Blæstundir voru ekki margar í vetur.

Bókaormurinn gekk einnig mjög vel, eitt barn í viku kom með bók að heiman og sagði hinum börnunum á deildinni frá.

Lestur bóka hefur gengið vel í vetur, flestir duglegir að hlusta og svara úr sögum.

#### Tækifæri

Ætlum að reyna að hafa fleiri Blæ stundir næsta vetur.

Skipta börnunum í smærri hópum á fleiri svæði í frjálsum leik og hjálpa þeim að halda sér í leik.





## 4.2 Lyng

### Styrkleikar

**Sjálfbjörg** -Flest börnin hafa lært að klæða sig sjálf og eru líka orðin dugleg að ganga vel um fataklefan. Við hvöttum til sjálfstæðis og styrktum jákvæða hegðun. Börnin hafa einnig lært að ganga frá sjálf eftir matinn, nota salerni og þjálfast í almennu hreinlæti

**Nám í gegnum leik**- Við notuðum margskonar aðstæður og efnivið til að kenna börnum í gegnum leik. Við notuðum oft sullukrókinn og leyfðum þeim að kanna mismunandi áferðir. Við vorum með þemavikur eins og tannviku, endurvinnsluviku, eldfjallaviku o.s.frv.

Í hverri viku vorum við með Lubba- og Blæstundir. Börn sem þurftu aukinn stuðning fengu markvissa þjálfun í litlum hópum. Við fórum á Árbæjarsafn, bókasafn, hoppubelg, heimsókn í annan leikskóla og fleira.

Börnin föndruðu vikulega og unnu með fjölbreyttan efnivið. Deildin er skreytt með verkum þeirra.

**Samskipti við foreldra** -Við leggjum áherslu á góð samskipti, tökum myndir, sendum vikupóst og skráum svefn og mat.

### Tækifæri

Starfsfólkið ætlar að leggja áherslu á að styrkja jákvæða hegðun meðal annars með því að hrósa börnunum fyrir góð samskipti og gefa neikvæðri hegðun minni athygli heldur en jákvæðri. Börn sem lenda undir í neikvæðum samskiptum fái aukna athygli og hlýju.

Starfsfólkið ætlar líka að nota meira tákni með tali fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning til að tjá sig. Það getur hjálpað þeim að skilja betur og koma skoðunum sínum á framfæri.

Starfsfólkið ætlar að passa að Blæstundir verði fleiri næsta vetur. Þær féllu stundum niður vegna annarra verkefni.

Starfsfólkið ætlar að halda áfram með „Gefa 10“. Við höfum prófað það nokkrum sinnum og það hefur gengið mjög vel með þessum barnahópi. Það gæti verið gott að þróa það áfram, sérstaklega fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning.





### 4.3 Hreiður

#### Styrkleikar

Það gekk mjög vel að fara eftir rútínu og börnin voru fljót að fara eftir henni (eins og matartími, útivera, samverustund, hvíld o.s.frv.).

Börnin lærðu að sýna virðingu í samskiptum við önnur börn og fullorðna. Við lögðum áherslu á vináttu og kenndum þeim hvað þýðir að vera góður vinur og að hjálpast að til dæmis að knúsa, að ganga frá saman o.s.frv.

Starfsfólkið lagði áherslu á söngstundir og það hefur gengið vel að læra ný lög. Börnin voru dugleg að taka þátt í hreyfilögum og að syngja almennt. Orðaforði hefur einnig aukist verulega.

Vináttuverkefnið Blær hefur nýst okkur mjög vel til að tala um tilfinningar, vináttu og að kenna börnunum að skiptast á og bíða. Við lærðum tvö lög á þessari önn- *Halló Blær og Blær er vinur*.

Það gekk sérstaklega vel með klósettæfingar og við lögðum áherslu á það að öll börn sem voru tilbúin að prófa fengu tækifæri til þess. Því fylgdi einnig að þvo og þurrka hendur og ganga frá þvottastykkinu með eða án aðstoðar frá starfsfólki.

#### Tækifæri

Starfsfólkið vill leggja áherslu á að börnin fái tækifæri til að æfa sig í fataklefanum, klæða sig sjálf eftir eigin getu, gangi frá eftir sig og bíða róleg eftir hinum börnunum.

Starfsfólkið vill nýta tækifæri til þess að skipta börnunum í smærri hópa til að skapa betri aðstæður fyrir markvissara starf, meðal annars með Vináttuverkefninu Blær. Einnig stefnum við að því að fylgja sameiginlegri áætlun fyrir Lubbastundir og æfa mállhljóðin með börnunum á einfaldan, skemmtilegan og fjölbreyttan hátt.

Þá vill starfsfólkið halda áfram að leggja áherslu á að börnin læri að skiptast á, sýna hvert öðru tillitssemi og hjálpast að í leik og starfi.

Starfsfólkið vill einnig bjóða upp á fjölbreyttari leiki og verkefni, svo sem skynjunarleiki og aðra örvandi starfsemi sem styður við þroska og samvinnu barnanna. Markmið okkar er jafnframt að efla getu barnanna til að hlusta og taka þátt í samverustundum, meðal annars með því að æfa okkur í að hlusta á sögur.





## 5. Umbótaáætlun leikskólans skólaárið 2026 – 2027

Þeir umbótaþættir sem teknir verða fyrir skólaárið 2026 – 2027 eru útivera og leikhópar.

### Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í daglegu starfi leikskóla og hefur jákvæð áhrif á þroska og líðan barna. Með reglulegri útivist fá börn tækifæri til að hreyfa sig, styrkja líkama sinn og efla grófhreyfingar. Úti í náttúrunni eykst einnig forvitni, sköpunargleði og sjálfstæði barna, þar sem þau fá að kanna umhverfið sitt á eigin forsendum.

### Leikhópar

Leikhópar þar sem börnunum er skipt upp í smærri hópá er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Í smærri hópum fá börn betra rými til að kynnast hvert öðru, mynda tengsl og finna til öryggis. Slíkt umhverfi styður við jákvæð samskipti og gerir börnum auðveldara að taka þátt í leik og starfi.

Í smáum leikhópum fær hvert barn meiri athygli frá starfsfólki, sem getur fylgst betur með þörfum þeirra og stutt við félagsfærni, málþroska og sjálfstæði.

### 5.1 Lauf

Lauf 4 – 6 ára	Útivera
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Útivera í garðinum, gönguferðir og fleira Að allir starfsmenn séu virkir í garðinum
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að öll börnin séu í leik, hafi fjölbreyttan efnivið, fari í útileiki Að starfsfólkið aðstoði börnin þar sem þarf.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Nota garðinn vel, starfsfólk verði meðvitað um hlutverk sitt, nota fjölbreyttan efnivið og hjálpa börnum að komast í leik með öðrum börnum.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum og starfsdögum. Í samverustundum og tala við börnin um hvað þeim þyki gaman að gera úti.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Að útivera í garðinum, svo og gönguferðir og annað, verði eftirsóknarvert fyrir bæði börn og starfsfólk. Að fjölbreytni á leikjavali aukist og að starfsfólk sé alltaf nálægt börnunum hverju sinni.

Lauf 4 – 6 ára	Litlir leikhópar
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Litlir leikhópar Efla vinatengsl þvert á aldur
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Auka félagaval hjá börnunum og virkja alla í hópnum til að vera með. Blanda saman aldurshópum.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Skipta börnunum í litla hópa að það verði 5 – 6 börn í hverjum hóp. Það fari fram 2x í viku og í 30 – 40 mínútur á morgnana. Sami starfsmaður með sama hóp í mánuð á mismunandi leiksvæðum og skipta þá um hóp. Blanda eldri og yngri börnum saman í hóp.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b> <b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum og starfsdögum. Spyrja börnin hvernig þeim finnst að leika í þessum leikhópum. Einnig að starfsmenn fylgist með hvort félagaval hjá börnunum breytist.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Árangur ætti að sjást eftir nokkra mánuði hvort félagaval hefur aukist og einnig hvað þau eru að leika sér með.





## 5.2 Lyng

Lyng 2 - 4 ára	Útivera
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Að nýta útileiksvæði betur og efla leik í ólíku umhverfi og náttúru.
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Marmiðið er að börnin læri að leika sér í mismunandi umhverfi bæði á leikskólalóðinni og út fyrir leikskólann.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Starfsfólk undirbýr og leiðir útivistarkefni sem styðst við samvinnu og fjölbreyttan leik. Til dæmis fjölbreyttan efnivið, sýna þeim hvernig hægt er að leika sér með efnivið úr náttúrunni eins og til dæmis prik. Fara í gönguferðir.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á deildarfundum og starfsdögum a.m.k. einu sinni í mánuði. Fylgst verður með áhuga barna í útileik.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Börnin nýti útileiksvæðið á fjölbreyttan hátt. Börnin sýni aukið sjálfstraust í ólíku umhverfi. Aukinn áhugi í að leika sér úti í náttúrunni

Lyng 2 - 4 ára	Litlir leikhópar
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Félagsfærni í frjálsum leik Að efla samskipti og víkka vinahóp barna í litlum hópum
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Að börnin noti orð í stað þess að ýta eða slá, skiptist á og börnin bjóði öðrum með í leik. Að börnin upplifi öryggi í að taka þátt í leik með ólíkum börnum.





<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Hróa jákvæðri hegðun og góðum samskiptum, vera nálægt börnunum í leik og styðja börnin í að nota orð. Börnum verður stundum skipt í litla hópa þar sem þau leika saman. Blæstundir.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027.
<b>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á starfsmannafundum og starfsdögum einu sinni í mánuði. Fylgst verður með hegðun og samskiptum barnanna í leik.
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Jákvæðari samskipti milli barna sem áður léku lítið saman. Börnin taki tillit til hvors annars.

### 5.3 Hreiður

Hreiður 1 – 2 ára	Útivera
<b>Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Útivera sem gæðastund. Virkja starfsfólk þannig að þau kenni börnunum mismunandi leiki. Virkja öll svæðin í garðinum Passa blindu svæðin
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Virkja börn og starfsfólk í útiveru þannig að útiveran sé markviss og reglulegur hluti af daglegu starfi. Að starfsfólkið taki frumkvæði í því að búa til stöðvar fyrir börnin og leika með þeim á meðan útiveran er.
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Regluleg útivera, a.m.k. 1x á dag Skipuleggja stöðvar a.m.k. 2x í viku (sulluleikur, sandkassi, göngutúr, stærðfræði, skynörvun o.s.frv.).
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Haustið 2026. Lokið vorið 2027





<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Á deildarfundum mánaðarlega
<b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á skipulagsdögum Með því að spyrja börnin hvað hafi verið skemmtilegast
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Börn fari út a.m.k. 1x á dag Starfsfólkið skipuleggi a.m.k. 2 markvissar stöðvar Skráningarblað til að tryggja að útiveran sé regluleg og verkefnin fjölbreytt.

Hreiður 1 – 2 ára	Litlir leikhópar
<b>Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</b>	Virkja öll börnin Búa til nánari og sterkari tengsl Efla vinatengsl þvert á aldur
<b>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</b>	Búa til litla leikhópa til að auka öryggi og þátttöku allra barna. Skipta þeim í aðra hópa eftir ca. 2 vikur
<b>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</b>	Skipta börnunum í litla hópa (3 - 4 börn í hverjum hóp). Frjáls leikur með starfsmanni þar sem markmiðið er að tengjast og efla samskipti milli barnanna. Stundin fer fram 2x í viku í ca. 30 mínútur.
<b>Ábyrgð</b>	Allt starfsfólk deildarinnar
<b>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</b>	Hefst haustið 2026. Lokið vorið 2027
<b>Hvenær og hvernig á að meta?</b>	Á deildarfundum mánaðarlega
<b>Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</b>	Á starfsdögum Með því að spyrja börnin um það hvað var skemmtilegast
<b>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</b>	Litlir hópar 2x í viku þar sem leikurinn er gæðastund með starfsmanni. Skráningarblað til að tryggja að leikhópar séu reglulegur hluti af rúttinu og að börnin fái að tengjast öðrum börnum á deildinni.





## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla út frá umbótaþáttum leikskólans

Starfsþróunarsamtölin fóru fram í apríl 2026. Leikskólastjóri tók viðtölin og fékk starfsfólk afhenta umræðupunkta viku áður en samtalið fór fram (sjá fylgiskjal 10.3). Markmiðið með samtölunum var að skapa opið samtal þar sem starfsfólkið fékk tækifæri á að tjá skoðanir sínar og líðan í starfi. Á næsta skólaári eru snerpuviðtöl einn af umbótaþáttum leikskólans og verður áhersla lögð á að fjölga samtölum deildarstjóra við starfsfólk sitt.

Skólaárið 2026 – 2027 er stefnt að því að fá fræðslu fyrir allt starfsfólk leikskólans á skipulagsdögum út frá umbótaþáttum leikskólans. Fyrirhugað er að veita öllu starfsfólki eftirfarandi fræðslu á skipulagsdögum:

- Skyndihjálparnámskeið
- Fræðsla um málstefnu frá MML til að gera okkar málstefnu sem er í umbótaráætlun
- Heimsækja leikskóla með áherslu á útiveru og nærumhverfið
- Fræðsla um útileik, öryggi hættur og fleira – Færni til framtíðar námskeið

## 7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árlegt samstarf milli Rauðaborgar og Selásskóla hófst í október 2025 þegar nemendur í 1.bekk Selásskóla komu í heimsókn í gamla leikskólann sinn, Rauðaborg. Börnin sungu saman og eftir það var leiktími fyrir öll börnin. Í nóvember komu einnig nemendur úr 5.bekk Selásskóla og lásu fyrir leikskólabörnin í tilefni af degi íslenskrar tungu. Börnin í leikskólanum höfðu mikla ánægju af heimsókninni og sýndu mikinn áhuga. Í desember fóru elstu börnin í Rauðaborg í heimsókn á bókasafnið í Selásskóla. Í janúar var síðan 1.bekkur heimsóttur og leikskólabörnin tóku þátt í kennslustund, fóru í frímínútur og borðuðu nesti með 1.bekk. Í lok maí fóru elstu börnin í heimsókn í Víðisel sem er frístundarheimili Selásskóla og fengu börnin að kynnst starfsemi þess.

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2026–2027, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár:

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning
September 2026	Undirbúningsfundur í Selásskóla	Selásskóli





Nóvember 2026	Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörn í Rauðaborg	Rauðaborg
Desember 2026	Heimsókn á skólasafnið	Selásskóli
Janúar 2027	Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla	Selásskóli
Mái/júní 2027	Frístundaheimilið Víðisel heimsókn	Víðisel
Mái/júní 2027	Skilaviðtöl frá leikskóla til grunnskóla (skólaskil)	Selásskóli
Mái/júní 2027	Vorskóli og foreldrakynning	Selásskóli

### Heimahagar 2026 - 2027

Það er ekki komin tímasett áætlun fyrir komandi skólaár 2026 – 2027, en gert er ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og undarfarin ár:

Dagsetning og tími	Viðburðir
September 2026	Heimahagar Allir hittast og leika saman
Október 2026	Heimahagar – Leikir og útiverkefni Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2026	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Nóvember 2026	Heimahagar – Vetrarsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Janúar 2027	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Febrúar 2027	Heimahagar – Leikir Rauðaborg og 1.bekkur í Selásskóla
Mars 2027	Heimahagar – heimsókn í hesthúsin Rauðaborg
Mái 2027	Heimahagar – Vorsamvera Selásskóli, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg
Júní 2027	Reiðskólinn – Hestbak





## 8. Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl verða í nóvember 2026 og febrúar 2027, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn og deildastjórar taka viðtölin. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra. Auk þessara viðtala er lokaviðtal við hvert barn í elsta árgangi í maí þar sem börnin mæta með foreldrum sínum og litið er yfir farinn veg og rætt um líðan og fleira.

Áður en aðlögun hefst fá foreldrar nýrra barna einkasamtal við leikskólastjóra og deildarstjóra á deild barnsins. Foreldrafundir verða í september 2026.

Foreldraráð gegnir mikilvægu hlutverki í að efla samstarf heimilis og leikskóla. Í foreldraráði Rauðaborgar eru þrjú foreldrar.

Foreldrafélag er starfandi og í stjórn þess eru sex foreldrar. Tilgangur félagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir og gönguferðir. Leikskólastjóri Rauðaborgar er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið.

Deildastjórar og stjórnendur senda foreldrum reglulega póst með ýmsu því sem foreldrar geta haft bæði gagn og gaman af. Með því móti gefst foreldum tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri, auk þess að upplýsingum um allt mögulegt er þannig komið til skila.

Við notumst við „Völuna“ og foreldrar hlaða niður appinu í símann. Inni í Völu er hægt að fylgjast með mætingu, svefni og matmálstímum barnsins og ekki síst senda skilaboð ef eitthvað er sem þarf að koma til skila. Að auki eru matseðill og myndir settar inn reglulega. Hver deild ætlar að gera dagatal fyrir hvern mánuð á næsta starfsári og setja inn í Völu. Þannig hafa foreldrar yfirsýn yfir það sem verið er að gera hvern dag og einnig ef breyting verður á áður ákveðnum atburðum.





## Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi ári.

Foreldrasamvinna er svipuð frá ári til árs. Mikil þátttaka hefur verið í þeim viðburðum sem leikskólinn stendur fyrir s.s. foreldrakaffi og einnig í þeim viðburðum sem stjórnin hefur auglýst og sett á dagskrá, s.s. vorhátíð og samvera fyrir jólin. Við ætlum að setja einn gleðidag í mánuði til að brjóta upp hversdaginn, s.s. að hafa hattadag, rugldaga og fleira.

## 9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Rauðaborgar skólaárið 2026 - 2027:

31. ágúst. 2026	mánudagur
30. september 2026	fimmtudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
27. nóvember 2026	föstudagur
5. febrúar 2027	föstudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
27. apríl 2027	þriðjudagur (sameiginlegur með leik- og grunnskólum)
28. maí 2027	föstudagur (fyrirhuguð námsferð starfsfólks innanlands)

Leikskóladagatal Rauðaborgar skólaárið 2026 – 2027: sjá fylgiskjal 10.2

F. h. leikskólans Rauðaborgar,

*Unnur Hermannsdóttir*

*29. maí 2026*

---

Leikskólastjóri

Dagsetning





## 10. Fylgiskjöl

### 10.1 Umsögn foreldraráðs

Heilt yfir er starfsáætlunin vel unnin, skýr og þægilega upp sett. Hún gefur ágæta innsýn fyrir foreldra inn í starfið og hugmyndirnar um þróun á því, þó það mætti á stöku stað útskýra betur hvað felst í ákveðnum aðferðum. T.a.m. mætti vera skýring fyrir foreldra á hvað „Gefðu 10“ felur í sér, sem nefnt er í áætlun Lyngsins.

Það er gott að brugðist hefur verið við áskorunum eftir starfsmannasvör úr „Stofnun ársins“ og umbótaplanið hafi strax skilað árangri. Virkilega hratt og vel unnið úr málunum.

Áætlanir um að vinna meira með börnin í minni hópum hljómar vel og hugmyndin um að þannig skapist betra svigrúm fyrir einbeitingu í leik og aukningu á félagavali. Einnig teljum við áherslu á útiveru fyrir næsta á góða, bæði innan garðs og utan. Í útiverunni eru ótal tækifæri fyrir starfsmenn og börn og því verður gaman að sjá hvernig þessi þáttur leikskólastarfsins mun breytast og vonandi styrkjast. Útivera fyrir utan leikskólagirðinguna er alltaf spennandi og mörg tækifæri sem felast í því að skoða áður óþekkt umhverfi. Þá er einnig gott að börnin fái fordæmi í því hvernig maður getur notið útiverunnar á ólíkan hátt eftir árstíðum.

Það er gott að sjá að fundist hafa góðir aðilar í hlutverk deildarstjóra og að skipulagt starf á Hreiðri sé orðið meira. Það er von okkar að hægt verði að manna deildarstjórahlutverkið sem nú er að losna með góðum aðila í haust. Það er einnig okkar von að með Reykjavíkurléiðinni, betri starfsanda, deildarstjórum á öllum deildum og lítilli starfsmannaveltu frá vori yfir á haust, verði hægt að fylgja starfsáætlun vel eftir og fækka enn frekar dögum þar sem senda þarf börn heim vegna manneklu.

Gott samstarf milli Selásskóla og Rauðaborgar er mikilvægt og gott að því verði haldið áfram. Þessi liður í leikskólastarfinu auðveldar þeim skrefið yfir í grunnskólann að svo mörgu leyti. Einnig er samveran sem fæst með Heimahaga verkefninu virkilega jákvæð og tækifæri fyrir börnin til að hitta fleiri úr hverfinu sínu og heimsækja staði utan þrengsta hrings.

### **Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Já, að einhverju leyti en með góðum breytingum í áherslum fyrir næsta ár. Það var töluvert um breytingar á síðasta ári á stjórnendahópnum og einnig með vinnslu á Reykjavíkurléiðinni,





hefur þetta verið töluvert breytingarár. Með þessari áætlun og niðurstöðum úr Reykjavíkurleiðinni verður vonandi hægt að setja meiri áherslu á starf innan leikskólans og minni áherslu á áhrif ytri þátta.

**Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Starfsáætlunin er aðgengileg og veitir ágæta innsýn. Vel uppsett og þægilegt að lesa hana.

**Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Já, starfsáætlunin gefur ágæta innsýn á starf leikskólans og hverjar áherslur skólans eru fyrir næsta

skólaár.

**Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Nei, engar athugasemdir.

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

*Elinborg Ágústsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir*





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is)





## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





## 10.2 Skóladagatal

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla: **Rauðaborg**

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÁI	JUNÍ	JULÍ
1. L	1. L	1. L	1. S	1. S	1. Þ	1. F	1. M	1. M	1. F	1. L	1. Þ	1. F
2. S	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. L	2. Þ	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. F
3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. M	3. L	3. M	3. F	3. L
4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. S
5. M	5. L	5. M	5. F	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. F	5. M	5. M	5. L	5. M
6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. F	6. S	6. M	6. L	6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ
7. F	7. M	7. M	7. L	7. L	7. M	7. F	7. S	7. S	7. M	7. F	7. M	7. M
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. S	8. Þ	8. F	8. M	8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. F
10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. M	10. L	10. M	10. F	10. L
11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S
12. M	12. L	12. M	12. F	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. F	12. M	12. M	12. L	12. M
13. Þ	13. S	13. Þ	13. F	13. F	13. S	13. M	13. L	13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ
14. F	14. M	14. M	14. L	14. L	14. M	14. F	14. S	14. S	14. M	14. F	14. M	14. M
15. L	15. Þ	15. S	15. S	15. S	15. Þ	15. F	15. M	15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F
16. S	16. M	16. F	16. M	16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. F
17. M	17. F	17. S	17. M	17. M	17. F	17. M	17. M	17. M	17. L	17. M	17. F	17. L
18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. M	18. F	18. M	18. F	18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. S
19. L	19. L	19. M	19. F	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. F	19. M	19. M	19. L	19. M
20. F	20. S	20. M	20. F	20. F	20. M	20. L	20. M	20. M	20. Þ	20. F	20. S	20. Þ
21. F	21. M	21. M	21. L	21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. M	21. F	21. M	21. M
22. L	22. Þ	22. S	22. S	22. S	22. Þ	22. F	22. M	22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. F
23. S	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	23. L	23. F	23. F	23. M	23. S	23. M	23. F
24. M	24. F	24. F	24. F	24. F	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. L
25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. M	25. F	25. M	25. F	25. F	25. Þ	25. Þ	25. F	25. S
26. M	26. L	26. M	26. F	26. F	26. L	26. F	26. F	26. F	26. M	26. M	26. L	26. M
27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. F	27. S	27. M	27. L	27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ
28. F	28. M	28. M	28. L	28. L	28. M	28. F	28. M	28. M	28. F	28. F	28. M	28. M
29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. S	29. Þ	29. F	29. M	29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F
30. S	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	30. L	30. F	30. F	30. F	30. S	30. M	30. F
31. M	31. F	31. L	31. M	31. M	31. F	31. S	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. L



### 10.3 Önnur fylgiskjöl

## Starfsþróunarsamtal vorið 2026

Nafn starfsmanns: \_\_\_\_\_

dags: \_\_\_\_\_

Hvernig upplifir þú samstarfið í Rauðaborg og á þinni deild?

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Hvaða hlutverk hefur þú í útiveru með börnunum





## Foreldrakönnun varðandi sumarlokun 2026

Yfirlit yfir svör Virkt

Svör

48



Meðaltími

03:03



Tímalengd

3 Dagar



1. Hvaða tímabil kýst þú að verði sumarlokun í Rauðaborg sumarið 2026

[Frekari upplýsingar](#)

- Frá og með miðvikudegi 8. júlí til og með miðvikudags 5. ágúst (20 virkir dagar) 20
- Frá og með mánudegi 13. júlí til og með mánudags 10. ágúst (20 virkir dagar) 16
- Mér er sama hvort tímabilið verður valið 10



